



Fréttabréf Brekkuskóla

2. maí 2017
9. tbl. skólaárið 2016- 2017
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag

Síðasta fréttabréf skólaársins lítur nú dagsins ljós og geymir það að venju upplýsingar um síðustu skóladagana. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði þar sem við höldum vorgrilldag, hlaupum til styrktar Unicef, tökum þátt í frjálsíþróttamóti miðstigsnemenda í Boganum, höldum vorskóla fyrir væntanlega nemendur næsta vetur auk þess sem nemendur fara í vettvangsferðir með kennurum og 10. bekkur fer í útskriftarferð.

Hér til hliðar má sjá svipmyndir úr skólastarfinu síðustu mánuðina. Efst er liðið okkar í Stóru upplestrarkeppninni sem gerði sér lítið fyrir og tryggði skólanum 2. og 3. sæti í keppninni. Þá koma myndir frá námsstefnu sem haldin var í tengslum við Erasmus plús verkefnið okkar um nám, sköpun og samskipti. Að lokum eru svo myndir af verkum nemenda frá þemadögum þar sem unnið var með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta er auðvitað ekki tæmandi fyrir það fjölbreytta skólastarf sem fram fer og má nefna að við fórum í átak til að draga úr matarsóun í skólanum, höldum hæfileikahátíð og fórum í fjallið með allan skólann ásamt Erasmus gestum okkar.

Við þökkum fyrir veturinn, sjáumst hress í haust eftir yndislegt og endurnærandi sumar! Góðar kveðjur úr skólanum,

stjórnendur

Skólahreysti 2017

Brekkuskóli tryggði sér 2. sæti í undankeppni Skólahreysti sem haldin var í Íþróttahöllinni á Akureyri 29. mars. Keppendur stóðu sig frábærlega og tryggðu skólanum þátttökurétt í úrslitakeppninni sem fór fram í Laugardalshöll 26. apríl. Þar kepptu tólf skólar víðsvegar af landinu. Liðið okkar, sem var skipað þeim Smára Kristjánssyni, Magneu Vignisdóttur, Andreu Þorvaldsdóttur, Agli Bjarna Gíslasyni, Maríu Arnarsdóttur og Sævaldi Harðarsyni, stóð sig frábærlega og endaði í 4. sæti. Stuðningsliðið sem fylgdi keppendum suður stóð sig einnig mjög vel, studdi hraustlega við bakið á keppendum og setti skemmtilegan gulan lit á áhorfendastúku Laugardalshallar.



SKÓLAHREYSTI



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill – maí og júní 2017

	1. maí	2	3	4	5	6
		Lasagne, brauð, salat og ávextir	Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	Heimalöguð pizza, salat og ávextir	Grjónagrautur, slátur og ávextir	
7	8	9	10	11	12	13
	Hakk, spaghettí, salat og ávextir	Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	Lambasnitsel, kartöflur, sósa, salat og ávextir	Fiskiréttur í ofni, hrísgrjón, salat og ávextir	Rjómalöguð súpa, brauð, álegg og ávextir	
14	15	16	17	18	19	20
	Gufusoðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	Hakkbuff, kartöflur, sósa, salat og ávextir Frjálsíþróttamót í Boga 4. bekkur	Silungur í ofni, kartöflur, sósa, salat og ávextir Frjálsíþróttamót í Boga 5. bekkur	Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Frjálsíþróttamót í Boga 6. bekkur	Skyr, brauð, álegg og ávextir Frjálsíþróttamót í Boga 7. bekkur	
21	22	23	24	25	26	27
	Brauðaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Vorskóli	Kjötbollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Vorskóli	Öfnbökud ýsa, kartöflur, salat og ávextir	Uppstigningardagur	Starfsdagur Frí f. nemendur	
28	29	30	31	1	2	3
	Kjöt, fiskur allskonar meðlæti og ávextir 10. bekkur skólaferðalag	Kenjar kokksins, salat og ávextir 10. bekkur skólaferðalag	Kjöt, fiskur og restar af kenjum kokksins og ávextir 10. bekkur skólaferðalag	Vorgrill Unicef 10. bekkur skólaferðalag	Skólaslit	
	5 Annar í hvítasunnu	6 Starfsdagur	7 Starfsdagur	8 Starfsdagur	9	

Reiðhjól og hjólaleiktæki



Nemendum skólans er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Það er mjög mikilvægt að gengið sé frá hjólum við skólann. Reiðhjól og önnur hjólaleiktæki eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð forráðamanna að nemendur noti viðeigandi öryggisbúnað.

Umferð reiðhjóla á skólalóð á skólatíma er bönnuð. Umferð annarra hjólaleiktækja en reiðhjóla á skólalóð miðast eingöngu við frímínútur og hádegi á malbikaða vellinum austanmegin við aðalbyggingu. Þessar reglur eiga einnig við um rafhjól og vespur.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir